I. Inngangur.

Ágætu bæjarfulltrúar.

Á þessum fundi verður farið yfir reikninga ársins 2012 og niðurstaðan borin saman við áætlun.
Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 var lögð fram til fyrri umræðu
miðvikudaginn 07. desember 2011 og sú seinni fór fram 14. desember 2011.
Breyting var gerð á fjárhagsáætlun með viðaukum eins og lög gera ráð fyrir og eru reikningar bornir saman við áætlun með viðaukum.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 1,779,5 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 1,693,6 m.kr.
Rekstrartekjur A hluta námu 1,557,7 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð kr. 1,508,4 m.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14.48% sem er lögbundið og er álagningarhlutfall fasteignaskatts 0.49% vegna íbúðarhúsnæðis og 1.65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið framlag er 0.625 % og 1.65%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 80,9 m. kr. En samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 16,8 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu.

Heildarútgjöld voru áætluð 1,616 m. kr. en urðu 1,650 m.kr.

Aðalsjóður
Útgjöld vegna rekstrar málaflokka færast undir aðalsjóð.
Rekstrarniðurstaða Fjallabyggðar fyrir árið 2012 var áætlað að yrði jákvæð upp á 51,7 m.kr. en varð jákvæð um 98,5 m.kr.
Fræðslu- og uppeldismál er sá málaflokkur sem mestum útgjöldum er varið til og vísast hér í yfirlit á bls. 10 og 17 í reikningum bæjarfélagsins.
Heildarfjárveiting til þessa stærsta málaflokks Fjallabyggðar var 550 m.kr. árinu 2012 og hækkar úr 547,2 m.kr. frá árinu á undan og tekur 43.8% af heildarskatttekjum, en tók árið áður 46,2% af heildarskatttekjum aðalsjóðs.
Eignasjóður
Eignasjóður er sjálfstæð rekstrareining innan A-hluta sveitarfélagsins og er honum ætlað að sjá um rekstur fasteigna og nýbygginga ásamt kaupum og sölu eigna. Eignasjóður leigir síðan fasteignir til rekstrareininga (stofnana) sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi eininga og innheimtir af þeim leigu (innri leigu). Markmið með rekstri eignasjóðs er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að hver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni fylgir. Rekstrarniðurstaða eignasjóðs var jákvæð um 39.7 m.kr. árið 2012 og hefur batnað tvö síðustu ár, en hann var 17,9 m.kr. árið 2011.
Hafnarsjóður
Hafnarsjóður er einnig sjálfstæð rekstrareining, en innan B-hluta sveitarfélagsins.
Rekstrarniðurstaða hafnarsjóðs var 16.9 m.kr. á árinu 2012 en var 6,9 m.kr. á árinu 2011 og hefur niðurstaðan batnað um 10 m.kr. á milli ára og er það ásættanleg útkoma.
Íbúðasjóður
Íbúðasjóður er jafnframt sjálfstæð rekstrareining innan B-hluta sveitarfélagsins.
Rúmlega 40 félagslegar íbúðir eru í eigu Íbúðasjóðs svo og dvalarheimilið Skálarhlíð með 30 leigurýmum.
Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 2,2 m.kr. en var árið 2011 neikvæð um 10,3 m.kr.
Þróunin er því mjög jákvæð er varðar rekstur eignasjóðs.
Veitustofnun
Veitustofnun skiptist í þrjár einingar, þjónustumiðstöð, fráveitu og vatnsveitu og er

sjálfstæð rekstrareining innan B-hluta sveitarfélagsins.
Tekjur veitustofnunar samanstanda af vatnsgjaldi, holræsagjaldi og þjónustutekjum.
Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 32,3 m.kr. árið 2012 og neikvæð um 36,3 m.kr árið 2011 og neikvæð um 52,5 m.kr. árið 2010.
Þróunin er því í rétta átt er varðar rekstur veitustofnana.

Framkvæmdir

Gert var ráð fyrir framkvæmdum upp á 390 m.kr. í fjárhagsáætlun með viðaukum. En þær urðu 382,3 m.kr. á árinu.

Niðurstaða reikninga

Reikningar ársins gefa til kynna að bæjarstjórn hefur náð góðum árangri í rekstri sveitarfélagsins, en framkvæmdarstigið er of mikið en ásættanlegt miðað við þann hagnað sem framkvæmdirnar bera með sér í framtíðarrekstri Fjallabyggðar. Við síðari umræðu er m.a. endurskoðunarskýrsla Fjallabyggðar til skoðunar, en hún var kynnt í bæjarráði.
Endurskoðendur og bæjarstjóri telja að rekstur Fjallabyggðar og staða sé í góðu jafnvægi og í samræmi við vilja bæjarstjórnar fyrir fjárhagsárið 2012.

II. Almenn atriði

Tillaga að breytingum á áætlun 2012 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar 5. október 2011 og voru skýringar settar fram á þeim fundi.

Framsetning fjárhagsáætlunar og reikninga

Fjárhagsáætlun 2012 og reikningar ársins voru og eru hér settir fram í samræmi við bókhalds- lykil sbr. reglugerð nr. 944/2000 með síðari breytingum, og felst m.a. í að tekjur og gjöld, eignir og skuldir eru flokkaðar í A og B hluta í fjárhagsáætluninni.

III. Einstakir málaflokkar

Í yfirferð við fyrri umræðu var farið yfir helstu markmið ársins og árangurinn borinn saman við niðurstöður ársreiknings í einstökum deildum. Vísast og í yfirferð endurskoðenda á fundi bæjarráðs þar sem kjörnir bæjarfulltrúar Fjallabyggðar voru boðaðir.

Vísast hér og í samantekt og skýringar fyrir A- og B-hluta.

Fjárfestingar í A-hluta voru 352,7 m.kr. og í B-hluta 29,7 m.kr.
Lántaka varð á árinu 2012, 100 m.kr. en gert var ráð fyrir lántökuheimild að upphæð 150 m.kr.
Lántökur á árinu urðu því minni en áætlun gerði ráð fyrir.
Afborganir lána í A-hluta voru 83,4 m.kr., en í B-hluta voru greidd lán að upphæð 38,6 m.kr. eða samtals 122 m.kr.
Handbært fé í árslok var 108,3 m.kr., en áætlun gerði ráð fyrir að það yrði 47,5 m.kr.
Vísast hér til reikninga á bls. 7, sjá sjóðstreymisyfirlit.

Niðurstaða yfirferðar

Niðurstaða ársreikninga 2012 er að handbært fé í árslok er hærra en áætlun gerði ráð fyrir, en sjóðsstreymisyfirlit segir í raun allt sem segja þarf um rekstur bæjarfélagsins.
Heildareignir voru 2011 3,477,7 m.kr., en eru nú 3,568,8 m.kr. og heildar skuldir og skuldbindingar voru 2011 1,763,2 m.kr., en eru nú 1,819,8 m.kr.
Eigið fé var 2011 um 1,714,4 m.kr., en hefur hækkað í 1,748,9 m.kr.
Veltufjárhlutfall A-hluta sveitarsjóðs er áætlað 2.15.
Veltufjárhlutfallið fyrir samstæðuna er 1.20.
Eiginfjárhlutfall fyrir samstæðuna er 49.0%.
Skuldahlutfall fyrir samstæðuna er 102.3%.

Við framlagningu reikninga á síðasta ári sagði ég m.a. að margt jákvætt hafi verið að gerast í okkar bæjarfélagi og vísast hér í framkomnar eignaframkvæmdir og almennar skýringar.

Ágætu bæjarfulltrúar

Vert er að rifja upp að í frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga er hert mjög á reglum sem varða fjárhag sveitarfélaga, ekki síst í kjölfar hrunsins. Settar eru tvær meginreglur;

- Annars vegar skuldaregla
- Hins vegar jafnvægisregla í rekstri.

Skuldahlutfall Fjallabyggðar er 102,3% en sveitarfélagið á einnig handbært fé.

Ef við skoðum þetta kjörtímabil þá er niðurstaðan þessi:

Árið 2010 var rekstur	A - og B hluta jákvæður um	34,082 m.kr.
Árið 2011 var rekstur	A - og B hluta neikvæður um	(55,238) m.kr.
Árið 2012 var rekstur	A- og B hluta jákvæður um	80,9 m.kr.
Í áætlun fyrir 2013, er ætlunin að rekstur A - og B hluta verði jákvæður um		46,1 m.kr.
Í áætlun fyrir 2014, er ætlunin að rekstur A - og B hluta verði jákvæður um		54,3 m.kr.
Í áætlun fyrir 2015, er ætlunin að rekstur A - og B hluta verði jákvæður um		61,7 m.kr.

Reglur þessar hafa tekið gildi og með aðgát hefur bæjarstjórn náð þeim árangri að Fjallabyggð er í góðum málum, enda kom sú skoðun fram hjá endurskoðanda bæjarfélagsins á fundi bæjarráðs og það sama hefur komið fram hjá HLH, sem er nú að taka út heildar rekstur bæjarfélagsins.

Minni hér á, að áætlun rekstrar stóðst með ágætum. Framkvæmdir og rekstrar niðurstaðan er í takt við áætlun ársins með samþykktum frávikum sem farið hefur verið yfir.

Meirihluti bæjarstjórnar Fjallabyggðar hefur tekið þá ábyrgu afstöðu, að koma rekstrinum í jafnvægi og sett sér háleit markmið sem fram koma í áætlunum bæjarfélagsins til næstu þriggja ára.

Rétt er einnig að minna á umtalsverðar framkvæmdir á árunum 2013 og 2014.

Ég vil nota hér tækifærið og þakka samstarfsmönnum mínum fyrir samstarfið.

Með þessari yfirferð leggur undirritaður til við bæjarstjórn og forseta bæjarstjórnar að reikningar Fjallabyggðar fyrir árið 2012 verði samþykktir í dag 10.04.2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson, sign